

113
28. júní

REGLUGERÐ

um sjóvátryggingu afla og veiðarfæra.

1. gr.

Vélbátaábyrgðarfélögum er heimilt að vátryggja afla og veiðarfæri á þeim skipum, sem þau hafa í sjóvátryggingu.

2. gr.

Sá, er beiðist vátryggingar á afla og veiðarfærum, öðru hvoru eða hvorutveggja, skal gera það skriflega. Beiðninni skal fylgja nákvæm skrá yfir hluti þá, sem beiðst er vátryggingar á, og skal verðleggja hvað fyrir sig, svo sem fiskilínur, dragnætur, botnvörpur, herpinætur, niðristöður og uppihöld, nótabáta, vindur, bjóð o. s. frv. Afli skal einnig tryggður fyrir tilgreinda upphæð.

3. gr.

Tilgreina skal hvaða dag tryggingin hefst og hvaða dag henni lýkur. Gildir hún frá kl. 12 á hádegi þann dag, er hún hefst, til kl. 12 á miðnætti þann dag, er henni lýkur.

4. gr.

Tryggingin nær til afla, veiðarfæra og muna, sem farast með skipi og skemmda, sem verða af völdum strands, elds og ásiglingar.

5. gr.

Hið vátryggða er tryggt aðeins innanborðs og í því skipi, sem veiðarfærin og munirnir tilheyra og veitt hefur aflann, sem tryggður var. Tryggingin gildir við fiskveiðer og siglingar við strendur landsins og á höfnum inni.

6. gr.

Vátryggingariðgjöldin ákveðast af vátryggjanda í samráði við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Þau greiðast fyrir fram um leið og vátryggingar er beiðst.

7. gr.

Vátryggingarféð greiðist þegar, er sannað er, að skipið og munirnir hafa farizt. Ef ekki spyrst til skips í 3 mánuði má krefjast vátryggingarfjárins, þó skiptapinn sé eigi sannaður á annan hátt. Komi síðar í ljós, að hið tryggða hefur bjargast að nokkru eða öllu leyti, verður það eign vátryggjenda.

Reglugerð þessi er hér með sett samkv. lögum nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júní 1947.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.